

T I L L A G A

til þingsályktunar um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

■ Kirkjuþing 2017 ályktar að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar. Skulu að jafnaði sitja þar að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Kirkjuráð fylgi því eftir að við þessi viðmið sé staðið eins og kostur er.

Greinargerð

Á fyrsta kirkjuþingi eftir gildistöku laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, þ.e. árið 1998 samþykkti þingið „Jafnréttisáætlun“ kirkjunnar.

Á kirkjuþingi árið 2005 voru samþykktar breytingar á áætluninni hvað varðar hlutverk jafnréttisnefndar kirkjunnar.

Á kirkjuþingi 2009 var síðan samþykkt ný „Jafnréttisstefna“ kirkjunnar, enda höfðu árið 2008 verið sett ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem enn eru í gildi. Þeirri jafnréttisstefnu var breytt á kirkjuþingi 2010 og svo aftur á kirkjuþingi 2014, sjá fskj. með málinu. Í jafnréttisstefnunni segir m.a.:

„Jafnframt er tekið mið af því að þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráðinu (WCC), Kirknaráði Evrópu (KEK) og Lúterska heimssambandinu (LWF). Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að jafna hlutföll kynjanna í nefndum og ráðum þannig að þar sitji að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar.“

Að mati flutningsmanns er nauðsynlegt að gera þessi viðmið um hlutföll kynja skýrari með því að álykta sérstaklega um þau á kirkjuþingi. Verður þá auðveldara að fylgja þeim eftir með vísun í skýra ályktun kirkjuþings í stað þess sem nú er, að viðmiðin eru hluti af almennum texta jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar. Með vísan til 1. mgr. 27. gr. þjóðkirkjulaga er rétt að kirkjuþing feli kirkjuráði að fylgja ályktuninni eftir. Litið er svo á að gætt verði að viðmiðum þessum í hvert skipti sem valið er til þeirra trúnaðarstarfa innan kirkjunnar sem ályktun þessi fjallar um. Eðlilegt er að kirkjuráð miðli upplýsingum um viðmið þessi til þeirra sem bera ábyrgð á skipun. Ljóst er að í einhverjum tilvikum getur komið til þess að ekki sé unnt að standa við viðmiðin t.d. þegar kosið er til starfanna, eða að störf eru tengd embættum og verður því að slá þann varnagla sem kemur fram í lokaorðum tillögunnar.

Ekki er talið að samþykkt tillögunnar hafi kostnað í för með sér.

Rétt þykir að leggja fram með málinu, til upplýsinga, bréf Félags Prestvígðra kvenna til biskups Íslands, dags. 4. október 2017 og svar biskups Íslands til félagsins, dags. 17. október 2017. Þar er m.a. gerð nokkur grein fyrir stöðu jafnréttismála innan kirkjunnar.